



iceland

building global friendship

CISV educates and inspires action for a more just and peaceful world.

JB Iceland – SÚFÍ

3. tbl. 1. árg.

21. desember

Stjórn JB/SÚFÍ í Danmörku

Í nóvember fóru sex stjórnarmeðlimir á ráðstefnu í Danmörku til að fræðast betur um starf CISV á alþjóðavettvangi. Helgin heitir NJBM, eða National Junior Branch Meeting, og er fyrir alla CISV'ara í Danmörku. Við vorum svo heppin að fá boð og sjáum sko ekki eftir helginni. Við lærðum mörg ný og lærdómsrík activity, sem við svo komum með heim og nýttum í JB Campinn. Við stefnum á að halda okkar eigin NJBM haustið 2015.



Næst á dagskrá

SÚFÍ camp – 30 jan – 1 feb
Leikskólinn Askja

JB Camp – 6 - 8 febrúar
Leikskólinn Askja

Pálínuboð – 8 janúar



Bis.
1

Stjórn JB/SÚFÍ

Formannaskipti í Ungliðastjórninni

Núna í nóvember urðu formannaskipti innan ungliðastjórnarinnar og eru Hansi og Kristborg búin að taka við af Evu Jónu og Oddrúnu. Þau eru fulltrúar okkar á alþjóðavettvangi ásamt því að sjá um SÚFÍ Campana, JB Campana og aðra viðburði á vegum ungliðafélagsins. Enska heitið á þessari stöðu er NJR, eða National Junior Representative, og við erum rosalega ánægð með þau.



Fyrsti JB Campinn

Fyrsti JB Campinn var haldinn í lok nóvember og mættu þau 21 í hann, sem er mjög góð mæting. Farið var í innihaldsríkari activity og meðal annars rætt um réttindi hinsegin fólks og staðalímyndir. Við fengum svo heimsókn frá AFS og þau kynntu fyrir okkur starfið sitt. JB Campinn gekk mjög vel og erum við alveg hreint stórkostlega ánægð með ungliðana okkar. Þar sem þetta gekk svona vel ætlum við að halda annan JB Camp í byrjun febrúar. Hlökkum til að sjá ykkur þá ;)



Hvað er Pálínuboð?



Sæl elsku vinir, við í stjórn unglíngadeildarinnar kynntum inn nýjan hlut í haust, sem heitir Pálínuboð JB. Þar sem við í stjórninni vorum úti í Danmörku í nóvember og JB/SÚFÍ fer í jólafrí í desember þá er mikil spenna fyrir janúarboðinu. Fyrir þá sem ekki vita fara Pálínuboð þannig fram að allir koma með eitthvað á borðið og svo gúffa allir í sig matnum. Við ætlum að hafa þetta fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði (nema í janúar verður þetta annan fimmtudaginn því fyrsti er nýársdagur) og hafa mismunandi þemu í gangi. Við munum búa til event í hverjum mánuði og tilkynna þar ný þemu. Við mælum eindregið með því að like-a JB Iceland SÚFÍ síðuna til að fylgjast með.



Fyrsta Pálínuboð JB.
Glæsilegur hópur sem kom saman og “grillaði” ;)

Annað Pálínuboðið þar sem kósý-matur var á boðstólnum. Hlökkum til að sjá hópinn stækka í vor ;)



Nokkrar myndir frá haustinu



iceland
building global friendship

Minnum á JB Iceland – SÚFÍ like síðuna
<https://www.facebook.com/jbiceland>